

Fundur nr. 177

Ár 2019, föstudaginn 15. febrúar kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 12:00.

Mættir:

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir  
Örn Þórðarson  
Valgerður Sigurðardóttir  
Ragnar B. Sæmundsson  
Daníel Ottesen  
María Júlía Jónsdóttir  
Skúli Helgason

Áheyrnarfulltrúar:

Ólafur Adolfsson  
Júlíus Víðir Guðnason

Auk þess sátu fundinn: Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi, Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri, Guðmundur Eiríksson forstöðumaður tæknideildar og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Á fundi borgarstjórnar þann 15. janúar 2019 var samþykkt að Guðrún Ögmundsdóttir taki sæti sem varamaður í stjórn Faxaflóahafna í stað Magnúsar Más Guðmundssonar.  
**Lagt fram.**
2. Drög að ársreikningi Faxaflóahafna og Menntunarsjóðs Þórarins Kristinssonar fyrir árið 2018.  
**Hafnarstjóri gerðir grein fyrir helstu fjárhæðum ársreikninganna. Þegar endurskoðun er lokið mun hafnarstjórn taka reikningana til afgreiðslu.**
3. Skýrsla Spalar 2018 sem lögð var fram á hluthafafundi föstudaginn 25. janúar s.l.  
**Lögð fram.**
4. Samantekt varðandi framkvæmdir í Gömlu höfninni 2019.  
**Hafnarstjóri og skipulagsfulltrúi gerðu grein fyrir helstu verkefnum í Gömlu höfninni og stöðu þeirra gagnvart fjárhagsáætlun. Hafnarstjórn samþykkir þá breytingu sem gerð er tillaga um varðandi ráðstöfun fjármuna á einstökum hafnarsvæðum. Samþykkt að bjóða út framkvæmdir við söluhýsi á Ægisgarði. Einnig samþykkt að taka upp viðræður við Reykjavíkurborg um hugmyndir varðandi tímabundið verkefni á bílastæð á Miðbakka.**
5. Breyting á aðalskipulagi vegna fyrirhugaðrar landfyllingar við Klettagarða  
**Hafnarstjóri og skipulagsfulltrúi gerðu grein fyrir stöðu málsins.**

6. Bréf kærunefndar útboðsmála dags. 23.1.2019 vegna útboðs á smíði dráttarbáts ásamt fylgiskjöllum.  
**Lagt fram.**
7. Skýrsla um orkuskipti í íslenskum höfnum ásamt aðgerðaráætlun og fylgiskjöllum.  
**Lagt fram. Gerð var grein fyrir samstarfi Faxaflóahafna annars vegar og Hafsins öndvegissetur og Íslenskri NýOrku hins vegar um hagkvæmniathugun á háspennutengingum í Sundahöfn. Hafnarstjóra falið að leggja fyrir hafnarstjórn áætlun til næstu ára varðandi endurbætur og nýframkvæmdir á rafdreifikerfum hafnarinnar þannig að unnt verði að fjölga þeim skipum sem geti tengst landrafmagni.**
8. Umsögn skipulagsfultrúa dags. 4.1.2019 um tillögu að deiliskipulagi vegna lóðanna Fiskislóð 16-32 og Grandagarð 39-93.  
**Lagt fram.**
9. Forkaupsréttarmál:
- Erindi 061319 ehf. um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eigninni í Grandagarði 5, Reykjavík. Fastanúmer 200-0171. Kaupandi Grandagarður 5 ehf. kt. 481118-0770.
  - Erindi Rafmiðlun ehf. um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna Mýrarholtsvegi 2, Hvalfjarðarsveit. Lóðarleigusamningur fer yfir á Fasteignafélagið Setur ehf. kt. 430117-0680 sömu eigendur.
  - Erindi Hjördísar Árnadóttur um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eigninni Fiskislóð 45, Reykjavík. Fastanúmer 229-6868. Kaupandi Verkfræðistofa Akureyrar.
- Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti með venjulegum fyrirvara um að starfsemi sé í samræmi við skipulag og lóðarleigusamninga.**
10. Minnisblað markaðs- og gæðastjóra og framkvæmdastjóra Sjómannadagsráðs dags. 7.2.2019 varðandi Hátíð hafsins.  
**Lagt fram. Hafnarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.**
11. Önnur mál.  
**VS spurði um stöðu mála varðandi eigendastefnu Faxaflóahafna sf. ÞLP fór yfir stöðu málsins.**

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 13:30

*Kristín*  
*Jóhanna Björk Guðjohnsen*  
*Stefn*  
*Ragnar Þorunnar*  
*Mana Julia Jónsdóttir*

*Biskilíslason*  
*Andri Dur*  
*Ólafur*  
*Níels*  
*Finn*  
*Jón*  
*David*  
*Ólafur*